

Gjaldskrá ferðapjónustu Norðurþings 2021

Ferðapjónusta aldraðra

Gjaldtaka fyrir hverja ferð er 500 kr. Ein ferð telst frá stað A til B.

Fari ferðafjöldi yfir 16 ferðir á mánuði greiðast 1000 kr. fyrir hverja ferð.

Kort sem inniheldur 10 ferðir eru seld í afgreiðslu Stjórnsýsluhúss og kosta því 10 ferðirnar kr, 5000.-

Kortið er stílað á viðkomandi greiðanda og hefur ekki endadagsetningu.

Ferðapjónusta fatlaðs fólks – Gjaldskrá

Megintilgangur ferðapjónustu er að notendur geti stundað vinnu, nám, þjálfun, notið heilbrigðisþjónustu, hæfingar hvers konar og tómstunda. Ferðir vegna vinnu, þjálfunar, heilsugæslu og hæfingar ganga fyrir öðrum ferðum. Fjöldi ferða til annarra nota er háður takmörkunum og miðað við að þær séu ekki fleiri en 16 á mánuði. Miða skal við að ferðir fyrir einstakling verði ekki fleiri í heild en 44 á mánuði. Heildar fjöldi ferða verði því eigi fleiri en 60 í mánuði. Þetta eru gjaldfríar ferðir.

Sérstakt gjald verður greitt fyrir akstur um helgar og á virkum dögum eftir kl. 16:00. Skal við það miðað að tekið sé gjald sem stendur undir kostnaði af launa- og eldsneytiskostnaði.